



Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH

Ársreikningur 2019

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH
Katrínartún 2
105 Reykjavík

kt. 530114-9960

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	Bls.
Áritun óháðs endurskoðanda	1
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	2
Efnahagsreikningur	3
Yfirlit yfir fjárfestingar	4
Skýringar	5
	6

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fagfjárfestastjóðurinn ÍSH er fagfjárfestastjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestastjóði. Stjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Júpíters rekstrarfélags hf. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af B-hluta ársreiknings Júpíters rekstrarfélags hf. sem inniheldur ársreikninga verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestastjóða. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Tap varð af rekstri sjóðsins á árinu 2019 að fjárhæð 2,6 m.kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa var neikvæð um 2,5 m.kr. í árslok 2019.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra



Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2019 og rekstrarafkomu hans og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins og stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Stjórn


Sigríður Magnúsdóttir

Ottó M. Franzson

Framkvæmdastjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í Fagfjárfestastjóðsins ÍSH.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fagfjárfestastjóðsins ÍSH („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitungu við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglanna um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Jón Arnar Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2019

	Skýringar	2019	2018
Vaxtatekjur	3	129.342	141.852
Vaxtagjöld	3	(127.305)	(138.200)
Hreinar fjármunatekjur		2.037	3.652
Umsýslubókun	11	(3.551)	(3.185)
Viðskiptaþóknanir		0	(6)
Annar rekstrarkostnaður		(1.123)	(1.240)
Rekstrargjöld alls		(4.675)	(4.431)
Tap ársins		(2.638)	(779)

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	95	874
Fjármögnunaryfvingar		
Seld hlutdeildarskírteini	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini	0	0
Hækkun á fjármögnunaryfvingum	0	0
(Hrein skuld) hrein eign ársins	(2.543)	95

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	31.12.2019	31.12.2018
Verðbréf með föstum tekjum	4	2.121.430	2.107.834
Fjárfestingar samtals		2.121.430	2.107.834
Handbært fé	5	1.272	370
Aðrar eignir samtals		1.272	370
Eignir samtals		2.122.702	2.108.204
Skuldir			
Skuldabréfaútgáfa	6,9	2.112.657	2.098.530
Langtímaskuldir samtals		2.112.657	2.098.530
Viðskiptaskuldir		8.418	5.409
Aðrar skammtímaskuldir		4.170	4.170
Aðrar skuldir samtals		12.588	9.579
Skuldir samtals		2.125.245	2.108.109
Hlutdeildarskrteini		(2.543)	95
Eigið fé og skuldir samtals		2.122.702	2.108.204
Fjöldi eininga		600	600
Gengi sjóðsbréfa		0,00	0,16

Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	31.12.2019	31.12.2018
Önnur skuldabréf		2.121.430	2.107.834
Verðbréf með föstum tekjum		2.121.430	2.107.834
Skráðar fjárfestingar samtals		2.121.430	2.107.834
Fjárfestingar samtals		2.121.430	2.107.834
Hlutfallsleg skipting			
Önnur skuldabréf		100,0%	100,0%
Verðbréf með föstum tekjum		100,0%	100,0%
Skráðar fjárfestingar samtals		100,0%	100,0%
Fjárfestingar samtals		100,0%	100,0%

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fagfjárfestastjóðsins ÍSH, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn er í umsjá Júpíters rekstrarfélags hf. sem er dótturfélag Kvikubanka hf. og hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Fagfjárfestastjóðurinn ÍSH er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fyrir fagfjárfesta og er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

2. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Reikningsskilaaðferðir

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

4. Verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

5. Handbært fé

Handbært fé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

6. Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innlestur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Skýringar - framhald

Fjárfestingar

7. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

	Fjárfestingar		Breyting	Fjárfestingastefna	
	31.12.2019	31.12.2018		Lágmark	Hámark
Veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði	100,0%	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, vixlum og innlánnum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
Samtals	100,0%	100,0%			

8. Sundurliðun fjárfestinga

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.	Hlutdeildarskírteini	Hlutabréf	Annað	Samtals
Aðrir fjármálagerningar				2.121.430	2.121.430
Samtals	0	0	0	2.121.430	2.121.430
Aðrir fjármálagerningar				100,0%	100,0%
Samtals	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%

9. Skuldabréfaútgáfa

Skuld Fagfjárfestastjóðsins ÍSH er veðskuldabréfið FISH 14 1 gefið út 20. janúar 2014 og í kjölfarið skráð á OMX Nordic. Bréfið er jafngreiðslubréf til 35 ára með 4 afborgunum á ári. Skuldin er bundin vísitölu neysluverðs.

Skuldabréfið FISH 14 1	2.099.821
Áfallnir vextir	12.836
Staða samkvæmt efnahag	2.112.657
Afborganir af höfuðstól greinast þannig á næstu ár:	
Afborganir 2019	42.066
Afborganir 2020	43.569
Afborganir 2021	45.114
Afborganir 2022	46.714
Afborganir 2023	48.371
Afborganir síðar	1.873.987
	2.099.821

Hlutdeildarskírteini

10. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Bókfært verðmæti	(2.543)	95	874
Gengi	0,00	0,16	1,46
Ávöxtun greinist þannig:			
Nafnávöxtun	-32,82%	-75,20%	10,00%
Raunávöxtun	-33,91%	-75,95%	8,10%

Ýmislegt

11. Þóknunir

Sjóðurinn greiðir Júpiter rekstrarfélagi hf. fasta umsýsluþóknun sem er á ársgrundvelli 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins og skal greiðsla innt af hendi ársfjórðungslega.